

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020

Skipulagshópur 2. vinnufundur – fundargerð

Fundur haldinn á bæjarskrifstofum Bolungarvíkurkaupstaðar 3.9. 2007 kl. 17:00.

Mættir:

Falur Þorkelsson, Daðey Einarsdóttir, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Sunna Reyf Sigurjónsdóttir, Hafþór Gunnarsson, Jóhann Birkir Helgason, Gunnar Páll Eydal og Erla Bryndís Kristjánsdóttir.

Gunnar Páll og Erla Bryndís kynntu stöðuna í aðalskipulagsvinnunni og rifjuðu upp áherslur og verklag í vinnunni sem framundan er. Fundargerð síðasta fundar var kynnt en engar athugasemdir voru gerðar við hana.

Viðstaddir fulltrúar skrifuðu undir skjalið *leiðbeiningar og verklag* og skuldbundu sig þar með til að taka þátt í aðalskipulagsvinnunni á þeim forsendum sem þar er fjallað um.

Umræður spunnust um hvernig væri hægt að ná til fólks og hvernig ætti að svara spurningunum sem fulltrúar hafa fengið.

Ákveðið var að innflytjendur yrðu ekki sérstakur hópur með sinn fulltrúa, heldur hluti af heildinni. Foreldrafélag Grunnskóla Bolungarvíkur verður ekki með fulltrúa í hópunum, eins og ráðgert var, því ekki fannst neinn til að taka þátt í verkefninu.

Umræður spunnust um staðsetningu mótorkrosssvæðis og hugsanlegra árekstra við aðra landnotkun.

Gunnar Páll og Erla kynntu næstu skref í skipulagsvinnunni. Ákveðið var að menn fengju frest til 20. september til að skila skriflegum niðurstöðum til skipulagsráðgjafa.

Á næsta fundi munu fulltrúar í skipulagshópnum kynna í stuttu máli niðurstöður síns félags / hóps.

Fundi slitið kl. 18:10.

Fundargerð ritaði Erla Bryndís Kristjánsdóttir